

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Táknmálsfræði og táknmálstúlkun

Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig

Rannsókn á augnatilliti með áttbeygðum sögnum í ÍTM

Ritgerð til BA-prófs í táknmálsfræði og táknmálstúlkun

Tinna Hrönn Óskarsdóttir

Kt.: 070389-4289

Leiðbeinandi: Rannveig Sverrisdóttir

Maí 2017

Ágrip

Þessi ritgerð er unnin út frá rannsókn sem höfundur gerði á augnatilliti í áttbeygðum sögnum í íslenska táknmálinu (ÍTM). Í upphafi ritgerðarinnar er sagt frá uppbyggingu táknmála og málfræðilegum einkennum þeirra. Fjallað er um sagnir í táknmálum, en í íslenska táknmálinu sem og fleirum, er þeim skipt í þrjá flokka, venjulegar sagnir, próformasagnir og áttbeygðar sagnir. Fjallað er stuttlega um venjulegu- og próformasagnirnar, og hvað það er sem einkennir þær. Fram kemur til dæmis að venjulegum sögnum fylgir ekki persóna og tala vísimiða og þarf að sýna það aukalega með fornöfnum. Próformasagnir nota raunverulegt rými, og geta falið í sér upplýsingar um hátt, horf og ákefð, en eins og venjulegar sagnir þá sýna þær ekki upplýsingar um persónu og tölu. Þegar þessum sögnum hefur verið lýst stuttlega er áttbeygðum sögnum gerð skýr skil. Þær fela í sér, ólíkt venjulegum- og próformasögnum, upplýsingar um persónu, tölu ásamt upplýsingum um staðsetningu frumlags og andlags. Sagt er frá því hvernig vísimiðum eru gefin hólfi og þau notuð til dæmis til að sýna samband milli vísimiðanna. Að því loknu er fjallað um augnatillit og hlutverkaskipti, og niðurstöður erlendra rannsókna sem gerðar hafa verið á því skoðaðar. Þær rannsóknir sýna annars vegar að augnatillit fylgir andlaginu í bæði venjulegum- og áttbeygðum sögnum og hins vegar að augnatillit fylgir andlaginu einungis í áttbeygðum sögnum, en ásamt augnatillitinu þarf að sýna áttbeyginguna með hreyfingu- og afstöðu handanna. Rannsókn höfundar er kynnt og í lokin er greint frá niðurstöðum þeirrar rannsóknar. Við rannsóknina voru notaðar alls 34 áttbeygðar sagnir í 30 setningum sem fengnar voru í myndbandsupptökum sem til voru í safni. Sagnirnar voru fengnar úr tvenns konar gögnum, annars vegar þýddar frásagnir úr íslensku sem sagðar voru í upptöku og hins vegar náttúruleg gögn, frjálst tal þar sem tekin voru viðtöl við döff af döff. Höfundur komst að því að kerfisbundin regla er á því hvert táknari horfir við myndun áttbeygðra sagna, en um tvær ólíkar aðferðir er að velja. Annars vegar getur táknari verið í hlutverki og horft í átt að andlagi þegar hann myndar áttbeygðu sögnina í beinni ræðu, og hins vegar getur táknari horft í átt að viðmælanda sínum eða myndbandsupptökuvél, þegar áttbeygða sögnin er mynduð í óbeinni ræðu.

Efnisyfirlit

Ágrip	2
Inngangur	4
1. Uppbygging tákna.....	5
2. Sagnir	6
2.1 Venjulegar sagnir.....	7
2.2 Próformasagnir	8
3. Áttbeygðar sagnir	9
4. Augnatillit	14
5. Hlutverkaskipti.....	16
6. Rannsókn á augnatilliti með áttbeygðum sögnum í ÍTM.....	18
6.1 Aðferð og úrvinnsla gagna.....	18
6.2 Augnatillit með áttbeygðum sögnum í beinni ræðu	19
6.3 Augnatillit með áttbeygðum sögnum í óbeinni ræðu	22
7. Niðurstöður	24
Lokaorð.....	26
Heimildaskrá.....	27
Viðauki 1	32
Viðauki 2	32

Inngangur

Heiti ritgerðarinnar, *Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig*, er vísun í íslenskan dægurlagatexta eftir Jón Sigurðsson. Þetta heiti passar einkar vel við það efni sem verður til umfjöllunar í þessari ritgerð, en augnatillit tákna, þ.e. hvert táknarinn horfir, hefur verið rannsóknarefni ýmissa fræðimanna í gegnum tíðina. Þetta rannsóknarefni vakti áhuga höfundar, og þá hvert augnatillit tákna er þegar hann myndar áttbeygðar sagnir en slík rannsókn hafði ekki verið gerð áður í íslenska táknmálinu. Höfundur lagði því af stað með það að leiðarljósi að komast að því hvort kerfisbundin regla væri á því hvert tákni horfir þegar hann myndar áttbeygðar sagnir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að svo sé yfirleitt raunin. Þegar tákni tákna í beinni ræðu horfir hann iðulega í átt að andlaginu þegar áttbeygða sögnin er mynduð, en ef um óbeina ræðu er að ræða horfir hann í átt að viðmælandanum eða myndbandsupptökuvélinni ef um upptekið efni er að ræða, t.d. sögur eða ævintýri.

Í kafla 1 er farið yfir uppbyggingu táknmála, en þar er sagt frá fimm grunnbreytum táknmála og hvernig rými er skipt niður. Í kafla 2 eru kynntar þrjár tegundir sagna, venjulegar sagnir, próformasagnir og áttbeygðar sagnir. Í kafla 2.1 er fjallað stuttlega um venjulegar sagnir og sömuleiðis er fjallað stuttlega um próformasagnir í kafla 2.2. Þar sem meginviðfangsefni ritgerðarinnar er um áttbeygðar sagnir er þeim gerð skýr skil í kafla 3. Augnatillit skipar einnig stóran sess í rannsókninni svo farið er ítarlega yfir það hvernig því er háttað með áttbeygðum sögnum í öðrum táknmálum í kafla 4. Þar sem höfundur vildi einnig rannsaka hvort munur væri á augnatilliti með áttbeygðum sögnum eftir því hvort tákni væri í hlutverki eða ekki, er fjallað um hlutverkaskipti í kafla 5. Að lokum er fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar og hvernig henni var háttað í kafla 6.1, ásamt því að segja frá hvernig augnatillit er með áttbeygðum sögnum í beinni- og óbeinni ræðu í köflum 6.2 og 6.3. Niðurstöður rannsóknarinnar koma svo fram í kafla 7.

1. Uppbygging táknmála

Tungumál hafa verið borin saman í aldanna rás, hvort sem er á milli raddmála og/eða táknmála. Oft eru málfræðileg hugtök borin saman og skoðað hvað er líkt, sem og ólíkt, milli tungumála. Nafnorð, lýsingarorð og sagnorð eru orðflokkar sem finnast í öllum tungumálum, bæði raddmálum og táknmálum. Hér á eftir verður þó einungis farið í þann síðastnefnda, en áður en lengra verður haldið er þó vert að segja frá skilgreiningu hljóðkerfisfræðilegra þátta táknmála.

Grunnbreytur (e. *parameters*) eru skilgreining á hljóðkerfisfræðilegum þáttum táknmála en þær byggja á frumgreiningu Stokoe og viðbótum Battison (Stokoe, 1960/2005 og 2001; Battison, 1978 og Baker og Battison 1980). Grunnbreyturnar eru fimm og eru tákn samsætt úr þeim. Þær eru **myndunarstaður** (e. *place of articulation*), **handform** (e. *handshape*), **hreyfing** (e. *movement*), **afstaða handa** (e. *orientation*) og **látbrigði** (e. *non-manual components*). Hver og ein þessara grunnbreyta getur verið merkingargreinandi en hægt er að finna það sem kallast lágmarkspör, þar sem einungis ein þessara grunnbreyta er öðruvísi milli tveggja tákna. Þó svo látbrigði gegni mikilvægu hlutverki við myndun tákna eru þau ekki alltaf talin með sem merkingargreinandi eining táknmála og afstaða handa oft talin með handformi. Þar af leiðandi eru lágmarkspör yfirleitt mynduð þannig að myndunarstaður, handform eða hreyfing er mismunandi milli tveggja tákna, þó svo afstaða handa og látbrigði geti einnig verið frábrugðin.

Eins og fram kom hér fyrir ofan er ein af grunnbreytunum fimm, myndunarstaðurinn. Myndunarstaðurinn er innan rýmis tákningarans og notar tákningarinn rýmið á ólíkan hátt eftir því sem við á hverju sinni. Liddell (1995) byggði skilgreiningu sína á þremur gerðum rýma í ameríska táknmálinu (ASL), á hugmyndum Fauconnier (1985)¹ um **huglæg rými** (e. *mental space*). Þau eru **raunverulegt rými** (e. *real space*), **staðgengilsrými** (e. *surrogate space*) og **ímyndað rými** (e. *token space*). Raunverulegt rými er það rými sem er nú þegar til og þarf því ekki að gera grein fyrir því sérstaklega. Það er byggt á skynjun, þar með skynjun viðmælandans á táknanum í raunverulegu ápreifanlegu umhverfi (Liddell, 1995:21-27; tilvitnun hans í Fauconnier 1985). Þegar tákni vísar í **einingar** (e. *entities*) í þessu ápreifanlega umhverfi, til dæmis með því að benda á þær, þá vísar hann í einingarnar líkt og þær eru staðsettar í raun. Staðgengilsrými er notað þegar tákni skiptir

¹ Höfundur hafði ekki aðgang að þessari heimild: Fauconnier, G. (1985). *Mental Spaces: aspects of meaning construction in natural languages*. Cambridge, MA.: MIT Press.

um hlutverk og fer í hlutverk annarrar persónu.² Þá táknar táknarinn atburðinn líkt og um nútíð væri að ræða þrátt fyrir að svo sé ekki (Liddell, 1995:27-31). Ímyndað rými er ólíkt staðgengilsrými að því leyti að einingar sem staðsettar eru í ímyndaða rýminu eru ekki í raunverulegri stærð (Liddell, 1995:32-38), heldur eru þær staðsettar í litlu líkamlegu **táknrými** (e. *signing space*) fyrir framan táknarann frá mittishæð (e. *waist level*) í höfuðhæð (e. *head level*) (Guðný Björk Þorvaldsdóttir, 2008; tilvitnun hennar í Fridman-Mintz og Liddell, 1998).³ Þegar táknari hefur sett fram einingu er hægt að vitna í hana aftur með því að benda (Liddell, 1995).

2. Sagnir

Padden (1988) kom fyrst manna með þá kenningu að sögnum megi skipta niður í þrjá flokka í ASL eftir því hvernig þær væru notaðar í rýminu. Síðan þá hefur þetta verið rannsakað í fleiri táknmálum sem sýna hið sama. Þar má til dæmis nefna ástralska táknmálið (Auslan) (Schembri, 2003), breska táknmálið (BSL) (Sutton-Spence og Woll, 1999) og danska táknmálið (DTS) (Engberg-Pedersen, 1993) en þetta á einnig við um íslenska táknmálið (ÍTM) (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011).

Flokkarnir þrír sem um ræðir nefnast **venjulegar sagnir** (e. *plain verbs*), **próformasagnir** (e. *classifier predicates, depicting verbs, d. proformverber*) og **áttbeygðar sagnir** (e. *agreement verbs*). Þessar þrjár tegundir sagna geta falið í sér **hátt** (e. *manner*), **horf** (e. *aspect*) og **ákefð** (e. *intensification*), þó svo það eigi ekki alltaf við allar sagnir af hverri tegund (sjá t.d. Engberg-Pedersen, 1993; Schembri, 2003; Johnston og Schembri, 2007; Sandler og Lillo-Martin, 2006 og Meir, 2010). Formdeildirnar persóna, tala og staðsetning vísimiðs, sem lýsa rökliðum sínum er það sem greinir þessar tegundir sagna frá hver annarri. Aðalumfjöllunarefni þessarar ritgerðar eru áttbeygðar sagnir svo einungis verður farið stuttlega yfir venjulegar sagnir og próformasagnir í köflum 2.1 og 2.2 sem koma hér á eftir, áður en farið verður ítarlega í áttbeygðar sagnir í kafla 3.

² Fjallað verður um hlutverkaskipti í kafla 5.

³ Höfundur hafði ekki aðgang að þessari heimild: Fridman-Mintz, B. og Liddell, S. K. (1998). Sequencing Mental Spaces in ASL Narrative. Í J.-P. Koenig (ritstjóri). *Discourse and Cognition: Bridging the Gap*. Stanford: CSLI.

2.1 Venjulegar sagnir

Padden (1988) segir frá því í grein sinni að venjulegar sagnir innihalda yfirleitt litla hreyfingu og færast ekki til í rýminu til að sýna málfræðilegar upplýsingar. Flestar geta þær sýnt upplýsingar um horf, þó svo sumar geri það ekki. Háttur og horf þessara sagna er oft sýnt með hraða endurtekningar sagnarinnar ásamt látbrigðum.

Margar venjulegar sagnir eru myndaðar á líkama tákna, sem getur við fyrstu sýn verið góð ástæða þess að þær séu venjulegar sagnir, en þegar sögn inniheldur upplýsingar um frumlag og andlag persónu og tölu með því að hreyfast innan rýmisins, þá munu þær sagnir sem myndaðar eru á líkama tákna ekki geta það. Dæmi um venjulegar sagnir í ÍTM sem myndaðar eru á líkama eru ELSKA, HUGSA, BORÐA og GLEYMA.⁴ Hins vegar er ekki hægt að alhæfa um að allar venjulegar sagnir séu myndaðar á líkama því einnig eru margar myndaðar í frjálsu rými fyrir framan tákna, t.d. SYNDA, HAFNA, LOFA og MEGA í ÍTM.⁵

Allar upplýsingar um persónu og tölu venjulegra sagna þarf að sýna aukalega með fornöfnum, eins og sjá má í dæmi (1). Venjulegar sagnir geta ekki færst til í rýminu til að sýna þessar upplýsingar (Padden, 1988:37-40).

(1) For.1.pers.et. ELSKA For.2./3.pers.et.

Ég elska þig/hann/hana

Einhverjar upplýsingar um vísimiðið má sýna í venjulegu sögninni. Þær geta verið sýndar með handformi eða hreyfingu. Dæmi um það væri meðal annars sögnin að REYKJA. Þá er grunnformið þannig að hægt væri að **glósa** (e. *glosse*) REYKJA-SÍGARETTU, en handformið getur breyst til að sýna REYKJA-PÍPU eða REYKJA-VINDIL tákn (Sutton-Spence og Woll, 1999:135-137).

Út frá ofantöldum atriðum má því segja að aðalatriðið sé að venjulegar sagnir innihalda upplýsingar um hátt og horf, og stundum upplýsingar um andlagið sjálft, en aðrar upplýsingar um persónu og tölu eru gefnar með myndun annarra tákna. Hér á eftir verður ekki farið nánar í venjulegar sagnir en lesendum er bent á meistararitgerð Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur (2011) fyrir nánari umfjöllun.

⁴ Allar þessar sagnir og fleiri til má sjá inni á www.signwiki.is.

⁵ Allar þessar sagnir og fleiri til má sjá inni á www.signwiki.is.

2.2 Próformasagnir

Próformasasagnir nota **raunverulegt rými** (e. *topographic space*), en ekki **setningafræðilegt rými** (e. *syntactic space*). Þær geta falið í sér upplýsingar um hátt, horf og ákefð, en ekki um persónu og tölu. Þær geta veitt upplýsingar um **leið** (e. *path*), **braut** (e. *trajectory*) og hraða hreyfingar gjörðarinnar sem lýst er af sögninni ásamt staðsetningu gjörðarinnar. Hreyfing og staðsetning próformasagna eru byggðar upp eins og í raunveruleikanum. Með þessu er átt við, að hvernig sem hreyfing eða staðsetning **vísimiðsins** (e. *referent*) er, þá færist sögnin í sömu átt. Í mörgum tilfellum gefa þær takmarkaðar upplýsingar um flokk nafnorðsins, ýmist hjá **frumlaginu** (e. *subject*) eða **andlaginu** (e. *object*) (Sutton-Spence og Woll, 1999:145 og Johnston og Schembri, 2007:148-154).

Að vissu leyti má segja að próformasagnir endurspegli raunveruleikann þar sem próformið lýsir því nafnorði sem á undan hefur komið, hvort sem um frumlag eða andlag er að ræða eða hvort tveggja. Próforminu er því gefin staðsetning og það hreyft eftir því sem atburðurinn segir til um, og er afstaða og myndunarstaður þess valinn út frá öðrum rökliðum í **táknrýminu** (e. *signing space*) (sjá t.d. Valli og Lucas, 2000:79-84).

Próformasagnir geta innihaldið mismunandi gerðir próforma og skiptast þær yfirleitt í þrjá flokka eftir því hvers konar próform þær hafa, en fræðimönnum ber þó ekki alltaf saman um það hvort próformasagnir séu sagnir yfir höfuð. Flokkarnir eru **hreyfingar- og staðsetningasagnir** (e. *verbs of motion and location*), **meðhöndlunarsagnir** (e. *handle verbs, verbs of handling*) og **sagnir sem sýna útlínur og yfirborð** (e. *size and shape specifiers, SASS*) (sjá yfirlit t.d. í Emmorey, 2003). Hreyfingar- og staðsetningasagnir innihalda próform sem sýna hreyfingu og staðsetningu vísimiða eins og þau hreyfast og hvernig þau eru staðsett í raun og veru og afstöðu þeirra hvors til annars innan táknrýmisins. Meðhöndlunarsagnir innihalda próform sem sýna hvernig rökliðir eru meðhöndlaðir og hvernig þeim er beitt. Sagnir sem sýna útlínur og yfirborð innihalda próform sem sýna útlínur rökliða með því að teikna þær upp eða yfirborði þeirra lýst.

Að mörgu leyti er orðaröð í próformasögnum ólík orðaröð með venjulegum sögnum eða áttbeygðum sögnum. Þegar próformasögn er mynduð þarf alltaf fyrst að mynda tákn vísimiðanna áður en próformin eru mynduð, og er vísimið **bakgrunnsins** (e. *Ground*) ávallt nefnt á undan

vísimiði **forgrunnsins** (e. *Figure*) og þar á eftir kemur próformasögnin, þar sem bæði vísimðin eru sýnd með próformi (Johnston og Schembri, 2007:206-207).

Aðalatriði þessarar umræðu er það að próformasagnir innihalda upplýsingar um staðsetningu og hreyfingu hlutarins innan sagnarinnar. Endurtekningin sýnir einnig upplýsingar um hlutinn sem og handformið. Ekki verður farið frekar í próformasagnir en lesendum er bent á meistararitgerð Kristínar Lenu Þorvaldsdóttur (2011) fyrir nánari umfjöllun.

3. Áttbeygðar sagnir

Áttbeygðar sagnir, ólíkt venjulegum- og próformasögnum, fela í sér upplýsingar um persónu, tölu og staðsetningu frumlags og andlags. Þær upplýsingar eru sýndar með því að hreyfa sögnina í setningafræðilega rýminu, þ.e. upplýsingar um hver það er sem framkvæmir gjörðina og hver eða hvað það er sem verður fyrir henni er sýnt með afstöðu- og/eða hreyfingu sagnarinnar. Upplýsingar um hátt og horf er einnig hægt að sýna með breytingu hreyfingar sagnarinnar og með því að bæta við látbrigðum, eins og við venjulegar sagnir. Sumar áttbeygðar sagnir greina einnig frá andlaginu með handforminu. Segja má að upplýsingarnar um það hvert sögnin hreyfist beygist með persónu og tölu frumlagsins og/eða andlagsins (Mathur og Rathmann, 2010: 179-180; Sutton-Spence og Woll, 1999:137-138 og Johnston og Schembri, 2007:142-147).

Í raun er ekki hægt að mynda áttbeygðar sagnir án þess að greina frá rökliðum sagnarinnar því persóna og tala koma ávallt við sögu. Svokölluð grunnmynd áttbeygðra sagna er þó yfirleitt táknuð frá líkama tákna og út í táknrýmið en þá er persóna og tala ekki sýnd í sögninni (sjá Liddell, 2003:98 og Johnston og Schembri, 2007:142). Þó svo að sögn teljist til áttbeygðra sagna eru tákningar ekki skyldubundnir til að áttbeygja sögnina og geta því þess í stað myndað sögnina í grunnmynd og notað sér tákn fyrir rökliðina, líkt og um venjulega sögn væri að ræða (Meir, 2010:107).

Yfirleitt er það svo að upphafsmyndunarstaður þessara sagna er þar sem frumlagið er staðsett og lokamyndunarstaðurinn þar sem andlagið er staðsett, ásamt línulegri hreyfingu þar á milli. Það þýðir, ef tekið er sem dæmi sögnin HRINGJA þar sem 1. persóna eintala er frumlag og 2. persóna eintala er andlag, þá er upphafsmyndunarstaður hennar þar sem frumlagið er staðsett og lokamyndunarstaður hennar þar sem andlagið er. Þó er til undantekning þessarar reglu, en það

er þegar sögninni er snúið við og hefur verið kölluð **viðsnúin sögn** (e. *backwards verbs*)⁶ (Sjá t.d. Sutton-Spence og Woll, 1999:138; Johnston og Schembri, 2007:143-145 og Rathmann og Mathur, 2002:376).

Áttbeygðar sagnir má mynda með annari hendinni og er sögnin þá **stakhandartákn** (e. *one-handed sign*) eða báðum höndum og er þá sögnin **tvíhandatákn** (e. *two-handed sign*). Sögnin HRINGJA sem sýnd verður í dæmum (4), (5) og (6) hér fyrir neðan er dæmi um stakhandartákn í ÍTM og er handformið sett saman úr 1-handformi og I-handformi, þ.e. þumalfingur og litli fingur eru uppréttir en aðrir fingur bognir inn í lófann. Sögnin RANNSAKA er dæmi um tvíhandatákn í ÍTM, þar sem handform beggja handa er bogið V-handform sem myndað er í frjálsa rýminu. Báðar þessar sagnir sýna vísimiðin út frá afstöðu handanna með því að beina fingurgómum að andlaginu og handarbakinu að frumlaginu, en sögnin HRINGJA er einnig sýnd með hreyfingu frá frumlagi til andlags. Einnig eru til tvíhandatákn sem sýna frumlag og andlag einungis með hreyfingu, t.d. áttbeygða sögnin HJÁLPA, þar sem báðar hendur hafa B-handform og hreyfast frá frumlagi til andlags, og önnur tvíhandatákn sem sýna vísimiðin með bæði afstöðu og hreyfingu, eins og t.d. áttbeygða sögnin HEIMSÆKJA sem hefur einnig B-handform á báðum höndum, hreyfist frá frumlagi til andlags og beinir einnig fingurgómum í átt að andlagi og úlnlið að frumlagi (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011:38-40).

Misjafnt er hvort áttbeygðar sagnir feli í sér endurvísun eða bendivísun í frumlag og andlag. Ef vísimið eru á staðnum felur áttbeygða sögnin í sér bendivísun, en ef vísimiðin eru ekki á staðnum felur hún í sér endurvísun og þarf því að staðsetja þau, frumlagið og/eða andlagið, í táknrýminu. Yfirleitt er það gert með því að mynda tákn nafnorðsins og benda svo á tiltekinn stað í táknrýminu eða með því að mynda tákn nafnorðsins á tilteknum stað í táknrýminu og gefa þannig vísimiðinu **hólf** (e. *locus*). Önnur aðferð við að staðsetja vísimið og gefa því hólf, væri að mynda tákn nafnorðs í hlutlausu rými og áttbeygja svo sögnina að tilteknum stað í táknrýminu. Ef vísimiðin eru á staðnum þegar segðin er sögð þarf ekki að kynna þau sérstaklega áður, heldur er hægt að áttbeygja sögnina beint að vísimiðunum án þess að þeim séu gefin hólf eða með því að mynda tákn nafnorðs í upphafi. Sama hvaða aðferð er notuð þá sýnir áttbeygða sögnin alltaf hvort vísimiðið innan táknrýmisins er frumlag og hvort er andlag, ásamt því að sýna hvar hvort vísimið

⁶ Nánar verður fjallað um viðsnúnar sagnir síðar í þessum kafla.

fyrir sig er staðsett (sjá t.d. Johnston og Schembri, 2007:142-143 og Meir o.fl., 2007:549-550). Einungis er hægt að sýna nákvæma staðsetningu andlagsins ef það er á staðnum og er það þá sýnt með því að beina fingurgómum í átt að þeirri staðsetningu. Þegar sýna á persónu er hún sýnd með annað hvort afstöðu handanna, hreyfingu þeirra eða hvoru tveggja. Í ASL, ISL, ÍTM og fleiri táknmálum stendur líkami tákna fyrir 1. persónu en táknrymið stendur fyrir 2. og 3. persónu. Þá er höndum tákna beint eftir því í hvaða persónu vísimiðin eru (sjá t.d. Meier, 1990:180 og Meir o.fl., 2007:549). Ekki er hægt að sjá mun á 2. og 3. persónu t.d. í ASL, DGS, DTS og ÍTM nema út frá samhenginu. Ástæðan er sú að 2. og 3. persóna eru úti í táknryminu og ekki hægt að sjá hvor er hvað út frá staðsetningu þeirra eins og hægt er með 1. persónu sem er alltaf líkami tákna. Ef áttbeygða sögnin vísar að viðmælanda þess sem talar, þá er um 2. persónu að ræða, en ef hún vísar að þriðja aðila þá er um 3. persónu að ræða (Meier, 1990:188-189; Mathur og Rathmann, 2010:179-180; Engberg-Pedersen, 1993:135 og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2007). Meier (1990) kom með þá kenningu að í ASL væru einungis tvær persónur, þ.e. 1. persóna og **ekki 1. persóna** (e. *non-first person*), en sú kenning fellur einnig undir fleiri táknmál, til að mynda í ÍTM (Meier, 1990:189 og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2007).

Eins og áður hefur verið nefnt fela áttbeygðar sagnir einnig í sér tölu vísimiðanna. Þá er talan sýnd með hreyfingu handa. Til að sýna eintölu frumlags og andlags hreyfast hendurnar beint til andlags frá frumlagi. Þegar fleirtala er sýnd, þá er sögnunum breytt til að sýna þegar vísimiðin eru tvö (e. *dual*), þrjú (e. *trial*) eða þrjú eða fleiri (e. *plural*). Þegar vísimiðin eru tvö eru tvær mögulegar aðferðir við að sýna það. Annars vegar með tvíhandatáknum, þá er hreyfingin endurtekin þannig að lokamyndunarstaðurinn er ekki sá sami í hvort skiptið, en hvor lokamyndunarstaður er bundinn vísimiðunum tveimur, og hins vegar með stakhandartáknum þar sem þau eru mynduð líkt og um tvíhandatákn sé að ræða með því að hreyfa báðar hendur samtímis, eða með því að hreyfa hendurnar hvora á eftir annarri, til hvors vísimiðs fyrir sig. Þegar vísimiðin eru þrjú er táknið endurtekið, líkt og þegar vísimiðin eru tvö, þannig að lokamyndunarstaðurinn er aldrei sá sami og hver lokamyndunarstaður bundinn hverju vísimiði fyrir sig (e. *exhaustive*). Til að gefa til kynna að vísimiðin eru þrjú eða fleiri eru tvær aðferðir algengastar. Sú fyrri sýnir fleirtöluna með því að hreyfa höndina eða hendurnar í boga eftir láréttri línu, án þess að tilgreina nákvæman fjölda vísimiðanna (e. *multiple*), en það gerir það að verkum

að öll vísimiðin taka þátt í gjörðinni eða atburðinum, og horft er á gjörðina sem einn atburð. Seinni aðferðin sýnir fleirtöluna með því að endurtaka sögnina í táknrýminu í láréttri línu að þeim stöðum sem tilheyra þeim vísimiðum sem við á. Þetta þýðir að mörg, en ekki endilega öll, vísimiðin eru þátttakendur (Johnston og Schembri, 2007:147-148; Mathur og Rathmann, 2010:180-183 og Mathur og Rathmann, 2012). Ekki geta þó áttbeygðar sagnir falið í sér allar persónur og tölur sagna, en svo virðist vera sem þær geti ekki falið í sér 1. persónu fleirtölu hvort sem um frumlag eða andlag er að ræða. Svo hægt sé að sýna fleirtölu 1. persónu þarf að bæta við bendingu fyrir framan sögnina og áttbeygja svo sögnina eins og um 1. persónu eintölu sé að ræða (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011:44).

Ekki þarf nema eina áttbeygða sögn svo hægt sé að mynda heila setningu. Ástæðan er sú, eins og áður hefur komið fram, að áttbeygða sögnin inniheldur upplýsingar um bæði frumlag og andlag sagnanna og er því óþarfi að tákna þau sérstaklega ef þau eru á staðnum eða hafa verið nefnd fyrir í orðræðunni þegar segðin er sögð. Þá er frumlagið og andlagið sýnt einungis með afstöðu handnanna. Dæmi um þetta væri eins og sýnt er í (2) þar sem niðurskrifuðu glósumnar For.1.pers.et. og For.2.pers.et. eru notaðar til að sýna að sögnin innihaldi upplýsingar um bæði persónu og tölu frumlagsins og andlagsins án þess að þær séu táknaðar sérstaklega.

(2) For.1.pers.et. HJÁLPA For.2.pers.et.

Ég hjálpa þér.

Hins vegar þegar rökliðir eru nefndir í fyrsta sinn, og eru ekki á staðnum, þarf að greina frá þeim annað hvort á undan eða eftir sögninni. Þrátt fyrir það er sögnin eftir sem áður áttbeygð og inniheldur upplýsingar um persónu, tölu og staðsetningu bæði frumlags og andlags, eins og sést í dæmi (3).

(3) B-J-Ö-R-K For.3.pers.et. HJÁLPA For.3.pers.et. J-Ó-H-A-N-N-A

Björk (hún) hjálpar (henni) Jóhönnu.

Ólíkt þeim setningum sem innihalda venjulegar sagnir, þá er orðaröð setninga sem innihalda áttbeygðar sagnir ekki fastmótuð. Orðaröðun í setningum sem innihalda venjulegar sagnir er FSA í Auslan, ASL og ÍTM (Johnston og Schembri, 2007:204; Neidle o.fl., 2000:59 og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011:37). Talið er að ástæðan sé sú að venjulegar sagnir innihalda ekki upplýsingar

um frumlag og andlag og því skiptir orðaröðunin máli svo augljóst sé hvert frumlagið er og hvert andlagið er. Ástæðan fyrir því að orðaröðunin í setningum sem innihalda áttbeygðar sagnir er ekki fastmótuð er sú, að áttbeygðu sagnirnar innihalda upplýsingar um frumlagið og andlagið og skiptir því í rauninni ekki máli hvor rökliðanna er nefndur fyrst, eða hvort þeir séu nefndir yfir höfuð, þar sem sögnin segir til um hlutverk rökliðanna með afstöðu- og/eða hreyfingu handanna. Því eru orðaraðirnar FSA og FAS báðar mögulegar með áttbeygðum sögnum í t.d. Auslan, ÍTM og fleiri táknmálum, en einnig orðaröðunin AFS þó svo hún sé mun óalgengari en hinar tvær. Því þýða setningar (4), (5) og (6) það sama þó svo orðaröðunin sé ólík, en sumir telja að betra sé nota orðaröðunina FAS eins og sjá má dæmi um í (5), þar sem rökliðum er gefið hólf áður en sögnin er framkvæmd.

(4) P-É-T-U-R_{For.3.pers.et.}HRINGJA_{For.3.pers.et.}Ö-R-V-A-R

(5) P-É-T-U-R Bend+v Ö-R-V-A-R Bend+h v+HRINGJA+h⁷

(6) Ö-R-V-A-R Bend+h P-É-T-U-R Bend+v v+HRINGJA+h

Pétur hringir í Örvar.

Pétur í (5) og (6) er staðsettur vinstra megin í táknrýminu og Örvar hægra megin. Sögnin er svo færð frá vinstri til hægri sem sýnir greinilega að það er Pétur sem hringir í Örvar en ekki öfugt. Eins og sjá má í (5) og (6) þá skiptir ekki máli hvort Pétur eða Örvar er nefndur á undan þar sem upphafs- og lokastaðsetning sagnarinnar segir til um hver það er sem hringir í hvern (Johnston og Schembri, 2007:205-206 og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011).

Eins og áður hefur komið fram í þessum kafla er frumlag og/eða andlag áttbeygðra sagna sýnt með afstöðu- og/eða hreyfingu handanna. Þegar áttbeygða sögnin er sýnd með afstöðu, þá er andlagið oftast sýnt með því að beina fingurgómum í þá átt sem andlagið hefur verið staðsett en handarbak eða úlnliður í átt að staðsetningu frumlagsins. Þegar hreyfing fylgir áttbeygðu sögninni færir höndin frá frumlaginu til andlagsins, nema ef um viðsnúna sögn er að ræða.⁸ Einnig eru nokkrar áttbeygðar sagnir sem sýna frumlag og andlag með bæði afstöðu og hreyfingu og eru þá báðar þessar aðferðir notaðar á sama tíma (sjá t.d. Johnston og Schembri, 2007:143-145; Meir, 1998:5-7; Rathmann og Mathur, 2002:376 og Sutton-Spence og Woll, 1999:137-145).

⁷ Glósumerkingin *v* merkir *vinstri* og *h* merkir *hægri*.

⁸ Nánar verður fjallað um viðsnúna sagnir síðar í þessum kafla.

Dæmin sem notuð hafa verið fyrr í þessum kafla innihalda einungis **reglulegar sagnir** (e. *regular verbs*) þar sem upphafsmyndunarstaður þeirra er við hólf frumlags en lokamyndunarstaður við hólf andlags. Andstæða reglulegra sagna eru viðsnúnar sagnir sem teljast stundum til áttbeygðra sagna, en upphafsmyndunarstaður þeirra er við hólf andlags og lokamyndunarstaður við hólf frumlags. Viðsnúnar sagnir eru hins vegar mun færri en þær reglulegu (sjá t.d. Sutton-Spence og Woll, 1999:138; Engberg-Pedersen, 1993:58-59 og Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011). Einungis eru tvær viðsnúnar sagnir í ÍTM svo vitað sé, en þær eru sagnirnar TAKA og SÆKJA⁹ (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011). Dæmi sem sýna þær má sjá í (7) og (8) en þær eru myndaðar á sama hátt.

(7) For.2.pers.et. TAKA_{For.1.pers.et.}

Ég tek þig.

(8) For.2.pers.et. SÆKJA_{For.1.pers.et.}

Ég sæki þig.

Þar sem viðsnúnar sagnir eru alls ekki algengar, og einungis um tvö dæmi að ræða í ÍTM, verður ekki farið nánar í þær hér.

Eins og fram hefur komið fela áttbeygðar sagnir yfirleitt í sér bæði frumlag og andlag en í sumum táknmálum, þar á meðal ÍTM, geta sumar þeirra þó falið einungis í sér andlag sagnarinnar. Aðeins er ein áttbeygð sögn í ÍTM sem felur aðeins í sér andlag svo vitað sé, en það er sögnin LÁTA-VITA. Í öðrum táknmálum, sem hafa þessa gerð áttbeygðra sagna, eru þær fleiri. Þessar sagnir eiga það sameiginlegt að vera allar myndaðar við eða á líkama tákna, oftast við andlitið (Kristín Lena Þorvaldsdóttir, 2011:40).

4. Augnatillit

Eins og fram hefur komið eru látbrigði ein af grunnbreytunum fimm í táknmálum. Látbrigði eru **málfræðilegir þættir** (e. *significant element*) sem ekki eru tjáðir með höndum í táknmálum. Þau eru ekki tákn í sjálfu sér heldur fylgja þeim og eru ómissandi hluti af málfræði táknaþingsins (Pfau og Quer, 2010:381). Látbrigðin gegna öll ákveðnum málfræðilegum hlutverkum en þau eru tjáð

⁹ Þessar sagnir má sjá inni á www.signwiki.is.

með augum, augabrúnum, munni, andlitinu öllu, höfði, öxlum og líkama (Pfau og Quer, 2010:385). Þau tengjast því efri hluta líkamans, augnhreyfingum, munnhreyfingum, svipbrigðum og færslu á höfði (Elísa G. Brynjólfsdóttir o.fl., 2012:18). Þar sem efni ritgerðarinnar er augnatillit í áttbeygðum sögnum verður einungis farið nánar í hlutverk augnanna í þessum kafla.

Við frásögn nota tákningar að mestu tvö sjónarhorn, annars vegar sjónarhorn sögumanns og hins vegar sjónarhorn persónunnar sem um ræðir. Hlutverkaskipti¹⁰ getur tákni sýnt með því að breyta stöðu líkamans eða með því að sýna annars konar andlitsdrætti en þegar um sögumann eða aðrar persónur er að ræða. Það nægir þó ekki því augnatillit skiptir mjög miklu máli þegar skipting er á milli hlutverka og/eða hólfa og segir það til um bæði persónu og aðstæður frásagnarinnar. Þegar tákni er í hlutverki heldur hann ekki alltaf augnsambandi við viðmælendur sína eða horfir í hólfi þess sem persónan talar við, heldur rofnar augnsambandið ef persónan rifjar upp minningar ákveðinna atburða eða er djúpt hugsari. Þetta á þó ekki við í öllum tilfellum (Engberg-Pedersen, 2003:280-281).

Augnatillit var flokkað niður í þrjá aðal flokka í ASL af þeim Bahan og Supalla. Þeir eru: Þegar horft er á viðmælendur sína, augnatillit sögupersónu í hlutverkaskiptum og þegar tákni horfir á hendurnar sínar. Ef tákni slítur augnsambandi við viðmælendur sína fer hann úr hlutverki sögumanns í hlutverk persónu í sögunni, nema þegar tákni horfir á hendur sínar en þá lýsir hann hvernig eitthvað var gert eða útliti hluta (Bahan og Supalla, 1995:178-179). Ólíkt Bahan og Supalla flokkaði Engberg-Pedersen (2003) augnatillit í DTS í fimm flokka. Við þá flokka sem Bahan og Supalla gerðu bætti hún við flokkunum: Þegar tákni lítur í hólfi og þegar tákni forðast augnsamband og markar þá skil (Engberg-Pedersen, 2003:284).

Rannsóknir hafa verið gerðar á augnatilliti með áttbeygðum sögnum í mörgum táknmálum, til dæmis í ASL og þýska táknmálinu (DGS) (Neidle o.fl., 2000; Thompson o.fl., 2006 og Hosemann, 2011). Neidle o.fl. (2000) rannsökuðu sagnir í ASL með áherslu á augnatillit og samræmi. Samkvæmt þeim er höfuðhreyfing í átt að frumlaginu og augnatillit í átt að andlaginu, þ.e. samræmið, sýnt með látbrigðum. Þau segja einnig að augnatillitið eitt og sér geti verið notað til að gera grein fyrir andlaginu í öllum þremur tegundum sagnanna: Venjulegum-, próforma- og áttbeygðum sögnum, sem fjallað var um hér fyrir ofan. Látbrigði sem sýna samræmi eru

¹⁰ Fjallað verður nánar um hlutverkaskipti í kafla 5.

nauðsynleg svo sleppa megi rökliðum sem mynduð eru með táknum. Það að hægt sé að sýna rökliðina í öllum flokkum sagna með látbrigðum þýðir að látbrigðin eru sjálfstætt samræmismarki. Þau geta þó líka verið þýðingarlaus í öðru samhengi og þá ekki gegnt málfræðilegu hlutverki (Neidle o.fl., 2000).

Síðar rannsökuðu Thompson o.fl. (2006) það sama, einnig í ASL. Þau vildu meina að venjulegar sagnir sýni ekki vensl með augnatilliti líkt og Neidle o.fl. (2000) héldu fram. Einnig sögðu þau, ólíkt Neidle o.fl. (2000), að til að sýna andlag í áttbeygðum sögnum þurfi að horfa í átt að andlaginu ásamt því að sýna það með afstöðu handanna. Þær niðurstöður eru því eins og fyrr segir á skjön við það sem Neidle o.fl. (2000) vildu meina því samkvæmt Thompson o.fl. þá er augnatillit með áttbeygðum sögnum í ASL skyldubundið (Thompson o.fl., 2006). Hosemann (2011) gerði samskonar rannsókn á DGS. Hún komst að því, eins og Thompson o.fl. (2006), að fylgni er á milli augnatillits og samræmis sem sýnt er með höndum. Hún komst hins vegar að því að augnatillit í DGS er ekki eins kerfisbundið og í ASL, og því ekki eins skyldubundið og niðurstöður Thompson (2006) sýndu. Niðurstöður Hosemann (2011) og Thompson (2006) eiga það samt sem áður sameiginlegt að ekki er hægt að sýna andlagið með augnatillitinu einu saman (Hosemann, 2011).

Ekkert þeirra segir þó frá því hvort augnatillitið og afstaða- og hreyfing handanna breytist þegar táknavari skiptir frá hlutverki sögumanns í hlutverk sögupersónu, þ.e. hvort táknavarinn notar beina- eða óbeina ræðu í frásögn sinni. Rætt verður um hlutverkaskipti og beina og óbeina ræðu í kaflanum hér á eftir.

5. Hlutverkaskipti

Hlutverkaskipti er málfræðilegt hugtak innan táknmála. Algengt er í frásögnum á táknmáli að táknavari fari í hlutverk annarar persónu, t.d. sögupersónu. Þá breytist frásögn hans úr því að vera óbein ræða yfir í beina ræðu og táknavar þá táknavari orðrétt frá persónunni sem um ræðir. Með beinni ræðu er persónunni lýst beint og persónan talar líkt og hún sé á staðnum, en með óbeinni ræðu sjást yfirleitt hugmyndir þess sem fyrir hana talar (Lillo-Martin, 2012).

(9) „Hvað viltu borða í kvöld?“ spurði Margeir Melkorku.

Setningin innan gæsalappanna í (9) er dæmi um beina ræðu í íslensku. Ef þessari setningu er svo breytt í óbeina ræðu væri hún eins og sést í dæmi (10):

(10) Margeir spurði Melkorku hvað hún vildi borða í kvöld.

Padden (1986) segir frá því að í ASL getur táknaþinn sýnt samtal milli tveggja eða þriggja sögupersóna í einu. Ef um tvær persónur er að ræða sýnir táknaþinn það með því að fara í hólfin til hliðar við sig og horfir í hið gagnstæða, eða færir sig fram og aftur til skiptis. Ef persónurnar eru þrjár eru hólfin samt sem áður bara tvö, hægra og vinstra megin við táknaþann, en tvær persónur fá þá sama hólfa öðru hvoru megin við táknaþann og getur augnatillitið eitt greint á milli persónanna (Padden, 1986:50-56).

Síðar rannsakaði Engberg-Pedersen (1993) hlutverkaskipti í DTS. Samkvæmt henni er hlutverkaskipti ekki nægilega nákvæmt því um sé að ræða þrjú ólík fyrirbæri, **vísanaskipti** (e. *shifted reference*), **skipti í tjáningarpáttum** (e. *shifted attribution of expressive elements*) og **hólfaskipti** (e. *shifted locus*). Þessi fyrirbæri er hægt að nota saman og vísa þannig til ólíkra persóna eða vísimiða. Vísanaskipti eru notuð með fornöfnum og áttbeygðum sögnum til að endurspegla sjónarmið þeirra persóna sem táknaþinn sýnir. Þá notar táknaþinn 1. persónu fornafn fyrir einhvern annan en sig sjálfan og velur fornöfn út frá sjónarhorni þess sem vitnað er í. Skipti í tjáningarpáttum eru notuð þegar táknaþinn notar andlit sitt með svipbrigðum og/eða líkamstjáningu til að sjá tilfinningar eða viðhorf einhvers annars en táknaþans sjálfs, eða hjá sjálfum sér við atburði sem hafa átt sér stað í fortíðinni. Táknaþinn getur notað eingöngu svipbrigði, en það svipar til raddblæs eða tónfalls í raddmálum. Með hólfaskiptum notar táknaþinn hólf fyrir aðrar persónur en sjálfan sig eða hann notar annað hólf en hólf C¹¹ fyrir sig sjálfan. Það getur hann gert með augnatillitinu einu saman með því að horfa upp og niður til skiptis eða til hægri og vinstri, en einnig með því að færa höfuð sitt og/eða líkama til þessara átta. Þessar skiptingar eru oft notaðar til að sýna færslu milli tveggja persóna, en einnig er hægt að sýna stærðarmun persóna með því að horfa upp og niður, til dæmis þegar táknaþinn sýnir foreldri og barn ræða saman (Engberg-Pedersen, 1993:103-116).

¹¹ Hólf C er það kallað sem táknaþinn notar þegar hann er í eðlilegri stöðu en hallar ekki í aðra hvora áttina til að sýna hlutverk.

Í kaflanum hér á eftir má sjá hvernig augnatillit og hlutverkaskipti tvinnast inn í þá rannsókn sem höfundur gerði á áttbeygðum sögnum í ÍTM.

6. Rannsókn á augnatilliti með áttbeygðum sögnum í ÍTM

6.1 Aðferð og úrvinnsla gagna

Markmið rannsóknarinnar var að kanna augnatillit þegar tákneri myndar áttbeygðar sagnir í ÍTM og athuga hvort niðurstöðunum sviði til niðurstæða þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið í öðrum táknmálum, s.s. ASL og DGS sem rannsökuð voru af þeim Neidle o.fl. (2000), Thompson o.fl. (2006) og Hosemann (2011).

Þar sem táknmál hafa ekki ritmál er nauðsynlegt að notast við myndbandsupptökur við gerð rannsókna á táknmálum og sér í lagi þegar rannsaka á augnatillit svo hægt sé að skrásetja nákvæmar og réttar upplýsingar varðandi augnatillitið. Við rannsóknina var notast við myndbandsupptökur sem voru til í safni en ekki teknar upp nýjar fyrir þessa rannsókn. Rannsóknargögnin sem höfundur notaði voru tvenns konar, annars vegar þýddar frásagnir úr íslensku sem sagðar voru í upptöku og hins vegar náttúruleg gögn, frjálst tal þar sem tekin voru viðtöl við döff af döff.¹² Við hið fyrrnefnda hafði táknerinn fyrst unnið þýðingu efnisins og hafði tækifæri til að endurtaka ef eitthvað misfórst. Þessar sögur eru barnasögur, ætlaðar fyrir börn og fólk sem er að læra táknmál. Tilgangur þess síðarnefnda var einungis að ná fram frjálsum tali, en ekki verið að leitast eftir neinu einu málfræðiatræði. Táknerarnir höfðu því ekki færi á að laga og endurtaka ef eitthvað var vitlaust gert.

Höfundur notaði fjórar sögur við rannsóknina sem þýddar hafa verið af íslensku yfir á ÍTM, en þær eru; *Stubbur* (2008), *Stúfur* (2008), *Svarta Kisa* (2008) og *Rauðhetta* (2003). Sögurnar voru valdar af handahófi, en þó einungis úr þeim sögum sem innihéldu sama táknerann og fleiri en eina áttbeygða sögn. Einnig var notast við tvö viðtöl þar sem tveir viðmælendur voru rannsakaðir í hvorri myndbandsupptökunni fyrir sig. Vert er þó að taka fram að í annarri myndbandsupptakanna notaðist annar táknerinn ekki við neinar áttbeygðar sagnir í frásögn sinni og því aðeins hægt að skoða augnatillit í áttbeygðum sögnum hjá öðrum þessara táknera. Einungis

¹² Döff stendur fyrir heyrnarlaust og heyrnarskert fólk sem fylgir menningu heyrnarlausra og hefur táknmál sem fyrsta mál.

var notast við myndbandsupptökur þar sem ein myndbandsupptökuvél var notuð og henni beint að táknum. Myndbandsupptaka þar sem fleiri en ein myndbandsupptökuvél var notuð var skoðuð, en sú myndbandsupptaka þótti ekki nægilega marktæk við gerð rannsóknarinnar. Ástæðan var sú að ekki sást nógu vel hvert tákinn horfði þegar áttbeygðu sagnirnar voru myndaðar sökum sjónarhornsbreytinga við skiptingu á myndbandsupptökuvélum á meðan á frásögn stóð. Þegar aðeins ein myndbandsupptökuvél var notuð sást betur þegar tákinn breytti augnatilliti sínu og þá hvert hann horfði.

Þær áttbeygðu sagnir sem notaðar voru við þessa rannsókn eru einungis þær sagnir sem Kristín Lena Þorvaldsdóttir (2011) tilgreindi við rannsókn í meistararitgerð sinni, en hún starfar í dag við táknafræðisrannsóknir. Þegar myndbandsupptökurnar voru skoðaðar var upplýsingum um þær áttbeygðu sagnir sem komu fram skráðar niður jafnóðum. Þá var setningin sem áttbeygða sögnin kom fram í skrifuð niður ásamt því hvert tákinn horfði þegar hún var mynduð og hvort tákinn var í hlutverki sögupersónu, sögumanns eða táknafræðis sjálfs.

Höfundur notaðist einungis við kvenkyns táknafræðisrannsókn sína, en ástæðan er sú að flest þau gögn sem til eru, eru táknuð af kvenmönnum. Við rannsóknina á augnatilliti með áttbeygðum sögnum í þeim sögnum sem þýddar hafa verið yfir á ÍTM var aðeins einn tákinn rannsakaður og því aðeins myndbandsupptökur þar sem hann táknaði notaðar, en þrjú táknafræðisrannsóknir í þeim samtölum sem rannsökuð voru. Það hversu fáir táknafræðisrannsóknir getur haft áhrif á niðurstöðuna, en samkvæmt rannsókn Kristbjargar Helgu Sigurbjarnardóttur (2011) á kynslóðabundnum málfræðismun í íslensku táknafræði er ekki greinilegur munur milli kynja í frásögnum, svo það að hafa einungis kvenkyns táknafræðisrannsókn ætti ekki að hafa áhrif á niðurstöðuna (Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir, 2011).

Þegar rannsóknarefnið var skoðað kom fljótlega í ljós áhugaverð niðurstaða þegar litið var á augnatillit með áttbeygðum sögnum í beinni- og óbeinni ræðu. Um það verður rætt í köflum 6.2 og 6.3 hér fyrir neðan.

6.2 Augnatillit með áttbeygðum sögnum í beinni ræðu

Við yfirllestur rannsóknarefnisins kom í ljós að munur var á augnatilliti í beinni- og óbeinni ræðu þegar áttbeygðar sagnir voru myndaðar. Eins og fram kom í kafla 5 er bein ræða notuð þegar sögumaður fer í hlutverk sögupersónu og talar þannig orðrétt út frá persónunni. Út frá því

rannsóknarefni sem hér um ræðir var það svo að í langflestum tilfellum horfir tákarni, í beinni ræðu við andlagið, í átt að andlaginu þegar hann myndar áttbeygðu sögnina ásamt því að sýna áttbeyginguna með afstöðu handanna. Þetta stangast að hluta til við niðurstöður Neidle o.fl. (2000), en samkvæmt þeim getur augnatillitið eitt og sér gert grein fyrir andlaginu en ekki þarf að sýna það með afstöðu handanna einnig (Neidle o.fl., 2000). Hins vegar passa þessar niðurstöður við það sem Thompson o.fl. (2006) og Hosemann (2011) lögðu fram, þ.e. að sýna megi andlagið í áttbeygðum sögnum bæði með augnatilliti og afstöðu handanna (Thompson o.fl., 2006 og Hosemann, 2011). Sjá dæmi (3.2) sem tekið er úr þýddu sögunni *Svarta Kisa*.

(3.2) HEYRÐU! Bend-v GÓÐUR Bend-v For.2.pers.et. ^{v¹³}GEFA For.1.pers.et. MJÓLK LEPJA

Hér er tákarninn í hlutverki kisunnar sem ræðir við hundinn og biður hann um að gefa sér mjólk til að leþja. Eins og fram kom í kafla 5 eru nokkrar aðferðir við að fara í hlutverk persónu. Padden (1986) og Engberg-Pedersen (1993) sögðu frá því að hægt væri að sýna hlutverkaskipti með því að fara í hólfi öðru hvoru megin við tákarnann, en auk þess sagði Engberg-Pedersen að hægt væri að sýna í hvaða hlutverki tákarninn er með breyttum svipbrigðum og/eða líkamstjáningu sem einkenna umrædda persónu. Hún nefnir einnig að hægt sé að breyta um hlutverk með því að horfa til hægri, vinstri, upp eða niður, allt eftir því hvar persónunum hefur verið gefið hólfi og/eða til að sýna stærðarmun þeirra. Í þessu dæmi sést að tákarninn er í hlutverki kisunnar vegna þess að hann hefur fært líkama sinn í hólfið hægra megin við sig og horfir í hólfið sem hundinum var gefið fyrir í frásögninni, þ.e. til vinstri. Allan tímann á meðan umrædd setning er sögð, þar á meðal áttbeygða sögnin, horfir tákarninn í hólfi hundsins. Ásamt augnatillitinu er áttbeygingin sýnd með hreyfingu handanna út frá hólfi vísimiðanna en fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á ýmsum táknumálum sem sýna að frumlag og/eða andlag er sýnt með hreyfingu- og/eða afstöðu handanna. Þegar frumlag og andlag er sýnt með hreyfingu handanna færast hendurnar úr hólfi frumlagsins yfir í hólfi andlagsins eins og sýnt er í þessu dæmi (sjá t.d. Johnston og Schembri, 2007:143-145; Meir, 1998:5-7; Rathmann og Mathur, 2002:376 og Sutton-Spence og Woll, 1999:137-145). Dæmi (1.2) sem tekið er úr sögunni *Stubbur* sýnir þetta einnig:

¹³ Sjá hvað glósumerkingarnar þýða í viðauka 1.

(1.2) _____nv _____nh
 LÆKNIR KOMA For.1.pers.et. **RANNSAKA** For.2.pers.et. For.1.pers.et. **RANNSAKA** For.2.pers.et.

Í byrjun setningarinnar er tákna­rinn í hlutverki sögumannsins, en skiptir svo yfir í hlutverk læknisins sem rann­sa­kar bræðurna Óla og Pétur. Tákna­rinn horfir því í myndbandsupptökuvélina í byrjun setningarinnar og er þar af leiðandi í hlutverki sögumannsins þar sem engin færsla er á líkama tákna­rans, né sýnir hann svipbrigði eða líkamleg einkenni einhverrar persónu líkt og Padden (1986) og Engberg-Pedersen (1993) fjalla um í rannsókn­um sínum. Hins vegar þegar áttbeygða sögnin RANNSAKA er mynduð horfir tákna­rinn í hól­f bræðranna, þ.e. vinstra og hægra megin við sig, en sömuleiðis horfir hann niður. Með því sýnir hann stærðarmun persónanna, líkt og Engberg-Pedersen (1993) sagði frá í grein sinni, en fyrr í frásögninni var greint frá því að bræðurnir lægju í rúm­unum sínum. Einnig er hér áttbeygingin sýnd með hreyfingu og afstöðu handanna út frá hól­fum vísimiðanna. Þá er hreyfingin sýnd líkt og í dæminu hér á undan, en afstaðan með því að vísa fingurgómum handanna í átt að andlaginu og handarbökunum í átt að frumlaginu (sjá t.d. Johnston og Schembri, 2007:143-145; Meir, 1998:5-7; Rathmann og Mathur, 2002:376 og Sutton-Spence og Woll, 1999:137-145). Þetta sést sömuleiðis í dæmi (1.3), sem tekið er úr sömu sögu, en þar sést einnig undantekning þessarar reglu:

(1.3) _____nv _____nh
 LÆKNIR For.1.pers.et. **ÚTSKÝRA** For.2.pers.et. Ó-L-I For.1.pers.et. **ÚTSKÝRA** For.2.pers.et.
 P-É-T-U-R ÞIÐ-TVEIR MÖRG EPLI HÁMA-Í-SIG BANNAÐ, ILLT MAGI.

Hér er tákna­rinn í hlutverki læknisins. Í fyrra skiptið sem tákna­rinn myndar áttbeygðu sögnina ÚTSKÝRA byrjar hann á því að horfa niður til vinstri í hól­f Óla og svo í myndbandsupptökuvélina, en í seinna skiptið sem hann myndar áttbeygðu sögnina ÚTSKÝRA horfir hann allan tímann niður til hægri í hól­f Péturs. Ástæða þess að tákna­rinn horfir að hluta til í myndbandsupptökuvélina þegar áttbeygða sögnin er mynduð í fyrra skiptið er sú að hann er að fara að færa sig yfir í hlutverk sögumannsins rétt á meðan hann tákna­r nafn bróðursins áður en hann færir sig svo aftur yfir í hlutverk læknisins. Hér sýnir tákna­rinn sömuleiðis frumlagið og andlagið með hreyfingu- og afstöðu handanna. Í dæmi (4.9) sem tekið er úr sögunni *Rauðhetta*, fylgir tákna­rinn hins vegar ekki þeirri reglu um að horfa í átt að andlaginu og horfir, ólíkt dæmunum hér fyrir ofan, í myndbandsupptökuvélina þegar hann myndar sögnina:

(4.9)

Bend-c

For.1.pers.et. HEIMSÆKJA For.2.pers.et.

m

Bend-h.

Hér er tákna­rin­n í hlut­ver­ki Rauð­het­tu sem stendur fyrir utan útidyrnar á húsi ömmu sinnar og heldur að hún sé að tala við ömmu sína en er í rauninni að tala við úlfinn sem át ömmuna. Þegar átt­beygða sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir tákna­rin­n beint í myndbandsupptökuvélina en ekki í hólfi ömmunnar. Möguleg skýring á því er sú að enginn er kominn til dyra og veit Rauðhetta því ekki hvar amman er í húsinu og notar hún því hurðina fyrir framan sig sem andlag. Ásamt því að horfa ekki í hólfi ömmunnar þá sýnir tákna­rin­n ekki heldur andlagið með afstöðu- eða hreyfingu handanna í átt að hólfi ömmunnar, heldur hurðarinnar sem staðsett hefur verið fyrir framan tákna­rin­n. Í stað þess að átt­beygja sögnina í átt að hólfi ömmunnar þá bendir tákna­rin­n í hólfið hennar, til hægri, eftir að hafa myndað sögnina og gengur þannig úr skugga um að samtalið var milli Rauðhettu og ömmunnar. Samkvæmt Meir (2010) þá eru tákna­rar ekki skyldubundnir til að átt­beygja sögnina og geta myndað hana í grunnmynd og notað sér tákn fyrir rökliðina (Meir, 2010:107), en það er einmitt það sem tákna­rin­n virðist gera í þessu dæmi.

Hér hefur aðeins verið rætt um fjögur dæmi, en þau ásamt fleirum má sjá í viðauka 2. Dæmi (4.9) hér fyrir ofan er hins vegar það eina sem sker sig úr og eru ekki fleiri dæmi sem sýna það sama. Þegar augnatillit í óbeinni ræðu var skoðað voru niðurstöðurnar ekki þær sömu og þær sem komu í ljós með átt­beygðum sögnum í beinni ræðu.

6.3 Augnatillit með átt­beygðum sögnum í óbeinni ræðu

Með óbeinni ræðu getur tákna­rin­n sýnt álit sitt á því sem hann segir frá (Lillo-Martin, 2012). Tákna­rin­n segir þá frá samskiptum milli persóna sem hafa átt sér stað eða þegar andlagið er ekki viðmælandinn. Það geta verið samskipti milli raunverulegra persóna eða sögupersóna og er þá tákna­rin­n í hlut­ver­ki sögumanns meðan á frásögninni stendur eða þegar sögupersónur ræða saman og andlagið er ekki á staðnum. Út frá þessari rannsókn horfir tákna­rin­n í langflestum tilfellum í átt að viðmælanda sínum þegar samræður eiga sér stað við slíkar aðstæður, eða í átt að myndbandsupptökuvélinni þegar um sögu eða ævintýri er að ræða og tákna­ri er í hlut­ver­ki sögumanns. Sjá dæmi (1.4) sem tekið er úr sögunni *Stubbur* og (2.1) sem tekið er úr sögunni *Stúfur*. Þetta stangast þó á við það sem Neidle o.fl. (2000), Thompson o.fl. (2006) og Hosemann (2011) greindu frá í rannsóknum sínum. Neidle o.fl (2000) sögðu frá því að hægt væri að sýna

andlagið með augnatillitinu einu saman án þess að sýna það með afstöðu- og/eða hreyfingu handanna (Neidle o.fl., 2000) og síðar greindu Thompson o.fl. (2006) og Hosemann (2011) frá því að til að sýna andlagið þyrfti að horfa í átt að því ásamt því að sýna það með afstöðu- og/eða hreyfingu handanna (Thompson o.fl., 2006 og Hosemann, 2011).

(1.4) Ó-L-I P-É-T-U-R PEIR-TVEIR For.1.pers.et. _____m **GEFA**For.2.pers.ft. NÝR FÖT.

Hér er tákna­rinn í hlutverki sögu­manns sem segir frá því að bræðrunum Óla og Pétri hafi verið gefin ný föt. Það sést á því að tákna­rinn horfir allan tímann í myndbandsupptökuvélina, líka þegar áttbeygða sögnin er mynduð, en sýnir samt sem áður áttbeyginguna með hreyfingu handanna út frá hól­fum vísimiðanna.

(2.1) KONA Bend-h For.3.pers.et. _____m **SAGÐI**For.3.pers.et. Bend-v For.3.pers.et. _____m **GEFA**For.3.pers.et. ¹⁴
BORÐA-MIKIÐ KLÁRA.

Tákna­rinn er hér einnig í hlutverki sögu­manns sem segir frá því að konan sagði við strákin að hún myndi gefa honum mikinn graut að borða. Sömuleiðis sést það hér í hvaða hlutverki tákna­rinn er þar sem hann horfir allan tímann í myndbandsupptökuvélina, einnig þegar hann myndar sagnirnar og sýnir áttbeyginguna út frá hól­fum vísimiðanna með hreyfingu- og afstöðu handanna.

Höfundur fann aðeins eitt dæmi í rannsókn sinni þar sem þessu væri öðruvísi farið og má því segja að það teljist til undantekninga ef þessari reglu er ekki fylgt eftir. Sjá dæmi (4.1) sem tekið er úr sögunni *Rauðhetta*:

(4.1) GÓÐ Bend-v For.2.pers.et. _____h **HEIMSÆKJA**For.3.pers.et. Bend-c For.1.pers.et. _____nv **GEFA**For.2.pers.et.
KARFA.

Hér er tákna­rinn í hlutverki mömmu Rauðhettu sem biður hana um að heimsækja ömmu sína. Þegar áttbeygða sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir tákna­rinn í hólfi ömmunnar en ekki í átt að Rauðhettu, viðmælanda sínum, eins og venjan virðist vera, ásamt því að sýna áttbeyginguna með

¹⁴ Í sögninni GEFA áttbeygir tákna­rinn frá hólfi C þrátt fyrir að vera ekki í hlutverki sögupersónunnar og er því einungis um hól­faskipti að ræða, þ.e. tákna­rinn lánar hólfið sitt svo auðveldara sé að beygja sögnina en fer hins vegar ekki í hlutverk (Engberg-Pedersen, 1993:103-116).

afstöðu og hreyfingu handanna. Þetta passar hins vegar við það sem Thompson o.fl. (2006) og Hosemann (2011) sáu í rannsóknum sínum. Þegar seinni áttbeygða sögnin er mynduð er mamman í beinum samskiptum við andlagið, Rauðhettu, og horfir því í átt að hólfi hennar þegar hann myndar áttbeygðu sögnina ásamt því að sýna áttbeyginguna með hreyfingu handanna, líkt og fjallað var um í kafla 6.2.

Þau dæmi sem sýnd hafa verið hér fyrir ofan eru öll tekin úr sögum eða ævintýrum, en í dæmi (6.2) og (5.3) hér fyrir neðan má sjá að þessu er eins farið þegar um samtal er að ræða, þ.e. að táknaþinn horfir í átt að viðmælanda sínum en ekki að andlaginu.

(6.2) _____ Vih
Bend-c HEIMA MAMMA PABBI For.1.pers.et. **HJÁLPA** For.3.pers.ft.

Táknaþinn segir hér frá því að hann hjálpi foreldrum sínum. Andlagið, þ.e. foreldrarnir, eru ekki á staðnum en fyrr í frásögninni hefur hann gefið þeim hólfi. Táknaþinn horfir í átt að viðmælanda sínum þegar hann myndar sögnina, en sýnir andlagið með hreyfingu handanna. Í dæmi (5.3) horfir táknaþinn á viðmælendur sína tvo til skiptis þegar hann myndar áttbeygðu sögnina.

(5.3) Vif _____ Vih _____ Vif
E-MAIL For.3.pers.et. **SENDÁ-MILLI** For.3.pers.et. SVONA LANGDREGIÐ BETRA
MSN

Eins og áður þá horfir táknaþinn á viðmælendur sína og sýnir frumlagið og andlagið með afstöðu- og hreyfingu handanna út frá hólfum vísimiðanna. Sjá má dæmin sem sýnd hafa verið hér ásamt fleirum sem sýna það sama í viðauka 2. Þess má þó geta að ekkert dæmi sýnir það sama og fram kom í dæmi (4.1).

7. Niðurstöður

Í heildina voru áttbeygðu sagnirnar sem rannsakaðar voru 34 talsins í 30 setningum sem hægt er að sjá í viðauka 2. Þær áttbeygðu sagnir sem myndaðar voru af táknaþinn sem var annað hvort í hlutverki sögumanns eða sem hann sjálfur voru 12 talsins. Um var að ræða óbeina ræðu í þeim öllum og í öllum þessum 12 dæmum horfði táknaþinn í myndbandsupptökuvélina ef hann var í hlutverki sögumanns, eða í átt að viðmælanda sínum ef hann var ekki í hlutverki, en ekki í átt að andlaginu. Áttbeygðu sagnirnar sem myndaðar voru af táknaþinn í hlutverki sögupersónu voru

samtals 22. Af þessum 22 sögnum horfir tákna­rinn í beinni ræðu við andlagið í átt að andlaginu 14 sinnum, en í eitt þeirra skipta horfir hann frá andlaginu í átt að myndbandsupptökuvélinni og er hann þá að færa sig úr hlutverki sögupersónu yfir í hlutverk sögumanns. Fjórum sinnum horfir tákna­rinn í hlutverki sögupersónu í átt að viðmælanda sínum og tákna­r þá í beinni ræðu við viðmælandann, en viðmælandinn er ekki andlagið sjálf. Í tvö skipti horfir tákna­rinn, sem er í hlutverki sögupersónu, í átt að myndbandsupptökuvélinni. Þá tákna­r hann annars vegar í beinni ræðu við andlagið og hins vegar í óbeinni ræðu við andlagið. Í eitt skipti horfir tákna­rinn, í hlutverki sögupersónu, frá frumlaginu sem sögupersónan talar við í beinni ræðu í átt að andlaginu sem sögupersónurnar ræða um í óbeinni ræðu. Aðeins eitt dæmanna inniheldur andlag sem ekki er persóna heldur hlutur og því ekki rétt að segja að sögupersónan hafi talað í beinni eða óbeinni ræðu, en hún horfði í átt að andlaginu þegar áttbeygða sögnin var mynduð.

Út frá því rannsóknarefni sem höfundur lagði upp með má sjá ólíkt augnatillit með áttbeygðum sögnum eftir því hvort tákna­ri notar beina eða óbeina ræðu í frásögn sinni. Þegar tákna­ri notar beina ræðu horfir hann nánast undantekningarlaust í átt að andlaginu þegar hann myndar áttbeygðu sögnina, og sömuleiðis horfir tákna­rinn nánast undantekningarlaust í átt að viðmælanda sínum þegar frásögn hans er í óbeinni ræðu. Því má segja að augnatillit í áttbeygðum sögum fari eftir því hvort táknað sé í beinni- eða óbeinni ræðu. Augnatillit í beinni ræðu er í átt að andlaginu, en augnatillit í óbeinni ræðu er í átt að viðmælanda eða myndbandsupptökuvél ef svo ber við. Hins vegar getur verið sökum þess hversu lítil þessi rannsókn er, að önnur niðurstaða komi út ef augnatillit í áttbeygðum sögnum er skoðað í stærra samhengi, en höfundur efast þó um það vegna þess hversu skýrar niðurstöðurnar voru úr þessari rannsókn.

Lokaorð

Markmið rannsóknarinnar sem ritgerðin byggist á var að komast að því hvort kerfisbundin regla væri á því hvert augnatillit tákna er við myndun áttbeygðra sagna í ÍTM. Ekki er þó hægt að fullsanna niðurstöður þessarar rannsóknar sökum þess hversu lítil rannsóknin er, en niðurstöðurnar gefa þó ákveðna hugmynd um hvernig augnatilliti með áttbeygðum sögnum er háttað í ÍTM. Í upphafi ritgerðarinnar var fjallað lítillega um uppbyggingu tákna og fljótlega var greint frá rannsóknum sem gerðar hafa verið á öðrum táknaáttum á því sama og þessi rannsókn beinist að, þ.e. augnatilliti við myndun áttbeygðra sagna. Í lok ritgerðarinnar var greint frá rannsókninni, hvernig hún var framkvæmd og að lokum niðurstöðum hennar. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að kerfisbundin regla á því hvert augnatillit tákna er þegar hann myndar áttbeygðar sagnir, en ólíkar aðferðir eru notaðar eftir því hvort táknað er í beinni- eða óbeinni ræðu. Í beinni ræðu horfir táknaári nánast undantekningarlaust í átt að andlaginu þegar áttbeygða sögnin er mynduð, en í óbeinni ræðu horfir táknaári átt að viðmælanda sínum eða í myndbandsupptökuvélina ef svo ber við.

Heimildaskrá

- Bahan, B. J. og Supalla, S. J. (1995). Line Segmentation and Narrative Structure: A Study of Eyegaze Behavior in American Sign Language. Í K. Emmorey og J. Reilly (ritstjórar), *Language, Gesture, and Space* (bls. 171-191). Hillsdale, NJ.: Lawrence Erlbaum Associates.
- Baker, C. og Battison, R. (ritstjórar). (1980). *Sign Language and the Deaf Community*. Silver Spring, MD: National Association of the Deaf. [Endurprentað undir heitinu *Signs Have Parts: A Simple Idea* í C. Valli og C. Lucas. (2000). *Linguistics of American Sign Language: An Introduction* (bls. 231-242). Gallaudet University Press.
- Battison, R. (1978). *Lexical Borrowings in American Sign Language*. Silver Spring, MD: Linstok Press. [Endurprentað undir heitinu *Analyzing Signs* í C. Valli og C. Lucas. (2000). *Linguistics of American Sign Language: An Introduction* (bls. 199-218). Gallaudet University Press.
- Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir, Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir. (2012). „Málfræði íslenska táknmálsins.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 34, 9-52.
- Emmorey, K. (ritstjóri). (2003). *Perspectives on Classifier Constructions in Sign Languages*. Mahwah, New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.
- Engberg-Pedersen, E. (1993). *Space in Danish sign language: The semantics and morphosyntax of the use of space in a visual language*. Hamborg: Signum-Press.
- Engberg-Pedersen, E. (2003). From Pointing to Reference and Predication: Pointing Signs, Eyegaze and Head and Body Orientation on Danish Sign Language. Í S. Kita (ritstjóri), *Pointing: where language, culture and cognition meet* (bls. 269-292). Mahwah, N.J.: Lawrence Erlbaum Associates.

- Guðný Björk Þorvaldsdóttir. (2008). Mental Space Theory and Icelandic Sign Language. *Institute of Technology Blanchardstown Journal*, 17, 5-19.
- Hosemann, J. (2011). Eye Gaze and Verb Agreement in German Sign Language. A First Glance. *Sign Language & Linguistics*, 14(1), 76-93.
- Johnston, T. og Schembri, A. (2007). *Australian Sign Language (Auslan): An Introduction to Sign Language Linguistics*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir. (2011). *Um kynslóðamun í íslensku táknmáli. Rannsókn á kynslóðabundnum málfræðismun í íslensku táknmáli*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands.¹⁵
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2007). *Augun mín og augun þín: Augnatillit með fornafnatilvísunum og í hlutverkaskiptum í íslenska táknmálinu*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands.
- Kristín Lena Þorvaldsdóttir. (2011). *Sagnir í íslenska táknmálinu. Formleg einkenni og málfræðilegar formdeildir*. Óbirt meistara-ritgerð: Háskóli Íslands.¹⁶
- Liddell, S. K. (1995). Real, Surrogate and Token Space: Grammatical Consequences in ASL. Í K. Emmorey og J. S. Reilly (ritstjórar), *Language, Gesture and Space* (bls. 19-41). New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates Inc.
- Liddell, S. K. (2003). *Grammar, Gesture, and Meaning in American Sign Language*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lillo-Martin, D. (2012). Utterance reports and constructed action. Í R. Pfau, M. Steinbach og B. Woll (ritstjórar), *Sign Language. An International Handbook* (bls. 365-387). Connecticut: Storrs.
- Mathur, G. og Rathmann, C. (2010). Verb agreement in sign language morphology. Í D. Brentari (ritstjóri). *Sign Languages* (bls. 173-196). Cambridge: Cambridge University Press.

¹⁵ Kristbjörg Helga Sigurbjörnsdóttir veitti höfundu skriflegt leyfi til að vitna í BA-ritgerð hennar.

¹⁶ Kristín Lena Þorvaldsdóttir veitti höfundu skriflegt leyfi til að vitna í bæði BA og MA-ritgerð hennar.

- Mathur, G. og Rathmann, C. (2012). Verb Agreement. Í R. Pfau, M. Steinbach og B. Woll (ritstjórar), *Sign Language. An International Handbook* (bls. 136-157). Berlin/Boston: De Gruyter Mouton.
- Meier, R. P. (1990). Person Deixis in American Sign Language. Í S. D. Fischer og P. Siple (ritstjórar). *Theoretical issues in sign language research* (bls. 175-190). Chicago: University of Chicago Press.
- Meir, I. (1998). Syntactic-Semantic Interaction in Israeli Sign Language Verbs: The Case of Backwards Verbs. *Sign Language & Linguistics*, 1(1), 1-31.
- Meir, I. (2010). The Emergence of Argument Structure in Two New Sign Languages. Í M. R. Hovav, E. Doron og I. Sichel (ritstjórar), *Lexical Semantics, Syntax, and Event Structure* (bls. 101-123). New York: Oxford University Press.
- Meir, I., Padden, C., Arnoff, M. og Sandler, W. (2007). Body as subject. *Journal of Linguistics*, 43, 531-563.
- Neidle, C., Kegl, J., MacLaughlin, D., Bahan, B. og Lee, R. G. (2000). *The Syntax of American Sign Language: Functional Categories and Hierarchical Structure*. Cambridge: The MIT Press.
- Padden, C. (1986). Verbs and Role-Shifting in American sign Language. Í C. Padden (ritstjóri), *Proceedings of the Fourth National Symposium on Sign Language Research and Teaching* (bls. 44-57). Silver Spring: NAD.
- Padden, C. (1988). *Interaction of Morphology and Syntax in American Sign Language. Outstanding Dissertations in Linguistics*. New York: Garland Publishing Inc.
- Pfau, R. og Quer, J. (2010). Nonmanuals: Their grammatical and prosodic roles. Í D. Brentari (ritstj.), *Sign Languages* (bls. 381-402). New York: Cambridge University Press.
- Rathmann, C. og Mathur, G. (2002). Is verb agreement the same cross-modally?. Í R. P. Meier, K. Cormier og D. Quintos-Pozos (ritstjórar), *Modality and Structure in Signed Languages* (bls. 370-404). Cambridge: Cambridge University Press.

- Sandler, W. og Lillo-Martin, D. (2006). *Sign Language and Linguistics Universals*. New York: Cambridge University.
- Schembri, A. (2003). Rethinking 'Classifiers' in Signed Languages. Í K. Emmorey (ritstjóri), *Perspective on Classifier Constructions in Sign Languages* (bls. 3-34). Mahwah, New Jersey: Lawrence Erlbaum Associates.
- Stokoe, W. C. 1960. *Sign Language Structure: An Outline of the Visual Communication Systems of the American Deaf*. Studies in Linguistics Occasional Papers 8. Buffalo: University of Buffalo Press.[Endurútgæfið 2005 í *Journal of Deaf Studies and Deaf Education*, 10(1), 3-37. [Rafræn útgáfa]. Sótt 11. apríl 2017 af: <https://doi.org/10.1093/deafed/eni001>].
- Stokoe, W. C. (2001). *Language in hand: Why sign came before speech*. Washington, D.C.: Gallaudet University.
- Sutton-Spence, R. og Woll, B. (1999). *The Linguistics of British Sign Language: An Introduction*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Thompson, R., Emmorey, K. og Kluender, R. (2006). The relationship between eye gaze and verb agreement in American Sign Language: An eye-tracking study [rafræn útgáfa]. *Natural Language and Linguistic Theory*, 24, 571-604.
- Valli, C. og Lucas, C. (2000). *Linguistics of American Sign Language: An Introduction* (3. útgáfa). Washington D. C.: Gallaudet University Press.

Myndefni:

Rauðhetta. (2003). Táknari: Elsa G. Björnsdóttir. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Stubbur. (2008). Táknari: Elsa G. Björnsdóttir. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Stúfur. (2008). Táknari: Elsa G. Björnsdóttir. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Svarta kisa. (2008). Táknari: Elsa G. Björnsdóttir. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Viðtöl tekin upp sumarið 2010 af Árna Inga Jóhannessyni og Steinunni Lovísu Þorvaldsdóttur í húsnæði Félags heyrnarlausra. Óútgefið efni í eigu Háskóla Íslands.

Viðauki 1

Skýringar:

c = táknaþinn

h = hægri

v = vinstri

n = niður

mi = miðja

nh = niður til hægri

nv = niður til vinstri

uv = upp til vinstri

m = myndbandsvél

Vi = viðmælandi

Vif = viðmælandi fyrir framan

Vih = viðmælandi til hægri

Viðauki 2

1. Stubbur

Dæmi 1.1

Tími: 1.54

Áttbeygð sögn: GEFA

S-T-U-B-B-U-R ELSKA EPLI LJÚFFENG For.3.pers.et. ^m **GEFA** For.3.pers.et. EKKERT LEIÐUR

Hér er táknaþinn í hlutverki sögumans og horfir allan tímann í myndavélina, nema þegar hann táknaþinn LEIÐUR þá horfir hann niður til hægri og er þá kominn í hlutverk Stubbs.

Dæmi 1.2

Tími: 2.28

Áttbeygð sögn: RANNSAKA + RANNSAKA

LÆKNIR KOMA For.1.pers.et. ^{nv} **RANNSAKA** For.2.pers.et. For.1.pers.et. ^{nh} **RANNSAKA** For.2.pers.et.

Til að byrja með er táknaþinn í hlutverki sögumans, en skiptir svo yfir í hlutverk læknisins sem rannsakar bræðurna. Þegar hann myndar sögnina RANNSAKA horfir hann í hólfi bræðranna, þ.e. niður til vinstri í fyrri skiptið og svo niður til hægri í seinna skiptið.

Dæmi 1.3

Tími: 2.38

Áttbeygð sögn: ÚTSKÝRA + ÚTSKÝRA

LÆKNIR ^{__nv__m} ÚTSKÝRA ^{For.1.pers.et.} Ó-L-I ^{For.1.pers.et.} ÚTSKÝRA ^{For.2.pers.et.} P-É-T-U-R ÞIÐ-
TVEIR MÖRG EPLI HÁMA-Í-SIG BANNAÐ ILLT MAGI.

Hér er tákarni í hlutverki læknisins. Í fyrra skiptið sem hann myndar sögnina ÚTSKÝRA byrjar hann á því að horfa í hólfi Óla (niður til vinstri) og svo í myndbandsvélina, en í seinna skiptið sem hann myndar sögnina ÚTSKÝRA horfir hann allan tímann í hólfi Péturs (niður til hægri).

Dæmi 1.4

Tími: 5.58

Áttbeygð sögn: GEFA

Ó-L-I P-É-T-U-R ÞEIR-TVEIR ^{__m} GEFA ^{For.3.pers.et.} NÝR FÖT ^{For.3.pers.ft.}

Hér er tákarninn í hlutverki sögumanns og horfir beint í myndbandsvélina þegar hann myndar sögnina.

2. Stúfur

Dæmi 2.1

Tími: 5.36

Áttbeygð sögn: SAGÐI + GEFA

KONA Bend-h ^{__m} SAGÐI ^{For.3.pers.et.} Bend-v ^{__m} GEFA ^{For.3.pers.et.} BORÐA-MIKIÐ
KLÁRA

Hér er tákarninn í hlutverki sögumanns og horfir allan tímann í myndbandsvélina.

3. Svarta kisa

Dæmi 3.1

Tími: 0.34

Áttbeygð sögn: GEFA

LANGA LJÚFFENGUR MJÓLK LEPJA Bend-mi PEIRRA ^{_____m}
For.3.pers.et. **GEFA** For.3.pers.et.

Hér er tákna­rinn í hlutverki sögu­manns og horfir beint í myndbandsupptökuvélina.

Dæmi 3.2

Tími: 0.48

Áttbeygð sögn: GEFA

HEYRÐU! Bend-v GÓÐUR Bend-v ^{_____v}
For.2.pers.et. **GEFA** For.1.pers.et. MJÓLK LEPJA

Hér er tákna­rinn í hlutverki kisu og horfir allan tímann í hólf hundsins.

Dæmi 3.3

Tími: 1.08

Áttbeygð sögn: GEFA

MJÓLK ^{_____h}
For.1.pers.et. **GEFA** For.2.pers.et. ALLS-EKKI

Hér er tákna­rinn í hlutverki hundsins og horfir allan tímann í hólf kisu.

Dæmi 3.4

Tími: 1.30

Áttbeygð sögn: GEFA

HEYRÐU! EF Bend-h GÓÐUR Bend-h ^{_____h}
For.2.pers.et. **GEFA** For.1.pers.et. MJÓLK LEPJA

Hér er tákna­rinn í hlutverki kisu og horfir allan tímann í hólf andarinnar.

Dæmi 3.5

Tími: 1.47

Áttbeygð sögn: GEFA

____h
For.1.pers.et. **GEFA** For.2.pers.et. MJÓLK LEPJA?

Hér er tákna­rinn í hlutverki andarinnar og horfir allan tímann í hólf kisu.

Dæmi 3.6

Tími: 2.14

Áttbeygð sögn: GEFA

HEYRÐU! GÓÐUR Bend-v For.2.pers.et. **GEFA** For.1.pers.et. Bend-c MJÓLK LEPJA

Hér er tákna­rinn í hlutverki kisunnar og horfir allan tímann í hólf hænunnar.

Dæmi 3.7

Tími: 2.58

Áttbeygð sögn: GEFA

HEYRÐU! Bend-v GÓÐUR Bend-v For.2.pers.et. **GEFA** For.1.pers.et. Bend-c MJÓLK

Hér er tákna­rinn í hlutverki kisunnar og horfir allan tímann í hólf svínsins.

Dæmi 3.8

Tími: 3.17

Áttbeygð sögn: GEFA

MJÓLK For.1.pers.et. **GEFA** For.2.pers.et. Bend-h

Hér er tákna­rinn í hlutverki svínsins og horfir allan tímann í hólf kisunnar.

Dæmi 3.9

Tími: 3.45

Áttbeygð sögn: GEFA

Bend-uv GÓÐ ^{uv} For.2.pers.et. **GEFA** For.1.pers.et. MJÓLK LEPJA

Hér er tákna­rinn í hlutverki kisu og horfir allan tímann í hólfi stelpunnar.

Dæmi 3.10

Tími: 4.08

Áttbeygð sögn: GEFA

KISA EIGA Bend-c ⁿ For.1.pers.et. **GEFA** For.2.pers.et. MJÓLK LEPJA SKÁL

Hér er tákna­ri í hlutverki stelpunnar og horfir allan tímann í hólfi kisu.

4. Rauðhetta:

Dæmi 4.1

Tími: 1.37

Áttbeygð sögn/sagnir: HEIMSÆKJA + GEFA

GÓÐ Bend-v ^h For.2.pers.et. **HEIMSÆKJA** For.3.pers.et. Bend-c ^{nv} For.1.pers.et. **GEFA** For.2.pers.et. KÖRFU.

Hér er tákna­ri í hlutverki mömmunnar sem biður Rauðhettu um að heimsækja ömmu sína. Þegar sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir tákna­rinn í hólfi ömmunnar ásamt því að sýna áttbeyginguna með afstöðu og hreyfingu handanna. Þegar sögnin GEFA er mynduð er tákna­rinn enn í hlutverki mömmunnar og ætlar hún að gefa Rauðhettu körfu. Þá horfir tákna­rinn niður til vinstri í átt að hólfi Rauðhettu, ásamt því að sýna áttbeyginguna með hreyfingu og afstöðu handanna. Hér er mamma­n ekki í beinum samskiptum við ömmuna heldur Rauðhettu þegar sögnin er mynduð.

Dæmi 4.2

Tími: 1.43

Áttbeygð sögn/sagnir: HEIMSÆKJA

JÁ JÁ Bend-c LANGA For.1.pers.et. _____uh For.3.pers.et. HEIMSÆKJA For.3.pers.et. AMMA MIKIÐ VEIK.

Hér er tákarni í hlutverki Rauðhettu sem segist vilja heimsækja ömmu sína. Þegar sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir tákarninn upp til hægri í hólf mömmunnar, en sýnir áttbeyginguna með afstöðu og hreyfingu handanna að hólfu ömmunnar, til vinstri. Hér er Rauðhetta ekki í beinum samskiptum við ömmuna heldur mömmuna þegar sögnin er mynduð.

Dæmi 4.3

Tími: 2.55

Áttbeygð sögn/sagnir: GEFA

LANGA LABBA-pf TÝNA-BLÓM-pf For.1.pers.et. _____m For.3.pers.et. GEFA For.3.pers.et. AMMA FÍN BLÓM.

Hér er tákarni í hlutverki Rauðhettu sem langar að týna blóm og gefa ömmu sinni. Þegar sögnin GEFA er mynduð horfir tákarni í myndbandsvélina en ekki í hólf ömmunnar, en sýnir áttbeyginguna með hreyfingu og afstöðu handanna í hólf ömmunnar. Hér er Rauðhetta ekki í beinum samskiptum við ömmuna þegar sögnin er mynduð.

Dæmi 4.4

Tími: 3.18

Áttbeygð sögn/sagnir: HORFA

HEYRA SKRÍTIÐ TRÉ RUNNI-HREYFIST-pf HVAÐ For.1.pers.et. m____nv For.3.pers.et. HORFA For.3.pers.et.

Hér er tákarni í hlutverki sögumanns til að byrja með, en fer svo yfir í hlutverk Rauðhettu þegar sögnin HORFA er mynduð og horfir þá niður til vinstri í átt að runnanum sem hreyfist.

Dæmi 4.5

Tími: 4.15

Áttbeygð sögn/sagnir: HEIMSÆKJA

_____nv
Bend-c For.1.pers.et. **HEIMSÆKJA** For.3.pers.et. Bend-h AMMA, AMMA MIKIÐ VEIK BÚA
Bend-h.

Hér er tákarni í hlutverki Rauðhettu sem er að ræða við úlfinn. Hún segist vera á leið í heimsókn til ömmu sinnar. Þegar sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir tákarnarinn allan tímann í niður til vinstri í hólfi úlfsins, en sýnir áttbeyginguna með hreyfingu og afstöðu handanna í hólfi ömmunnar. Hér er Rauðhetta ekki í beinum samskiptum við ömmuna heldur úlfinn þegar sögnin er mynduð.

Dæmi 4.6

Tími: 4.39

Áttbeygð sögn/sagnir: GEFA

_____nv
Bend-c For.1.pers.et. **GEFA** For.3.pers.et. AMMA

Hér er tákarni í hlutverki Rauðhettu sem segir við úlfinn að hún ætli að gefa ömmu sinni kræsingar. Þegar sögnin GEFA er mynduð horfir tákarnarinn allan tímann niður til vinstri í hólfi úlfsins, en sýnir áttbeyginguna með hreyfingu og afstöðu handanna í hólfi ömmunnar. Hér er Rauðhetta ekki í beinum samskiptum við ömmuna heldur úlfinn þegar sögnin er mynduð.

Dæmi 4.7

Tími: 4.48

Áttbeygð sögn/sagnir: HEIMSÆKJA

_____uh
BEST FLJÓT For.2.pers.et. **HEIMSÆKJA** For.3.pers.et. ÖMMU

Hér er tákarni í hlutverki úlfsins sem segir Rauðhettu að vera fljót að heimsækja ömmu sína. Þegar sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir tákarnarinn allan tímann upp til hægri í hólfi Rauðhettu, en sýnir áttbeyginguna með hreyfingu og afstöðu handanna í hólfi ömmunnar. Hér er úlfurinn ekki í beinum samskiptum við ömmuna heldur Rauðhettu þegar sögnin er mynduð.

Dæmi 4.8

Tími: 7.11

Áttbeygð sögn/sagnir: GEFA

BLÓM LIGGJA-Á-HANDLEGG-pf. _____m
For.3.pers.et. **GEFA** For.3.pers.et. AMMA

Til að byrja með er táknaþinn hér í hlutverki Rauðhettu sem heldur á blómum á handleggnum, en fer svo yfir í hlutverk sögumanns þegar sögnin GEFA er mynduð og horfir þá í átt að myndbandsvélinni.

Dæmi 4.9

Tími: 7.34

Áttbeygð sögn/sagnir: HEIMSÆKJA

Bend-c _____m
For.1.pers.et. **HEIMSÆKJA** For.2.pers.et. Bend-h

Hér er táknaþinn í hlutverki Rauðhettu sem heldur að hún sé að tala við ömmu sína en er í rauninni að tala við úlfinn. Þegar sögnin HEIMSÆKJA er mynduð horfir táknaþinn beint í myndbandsupptökuvélina en ekki í hólfi ömmunnar, og sýnir ekki áttbeyginguna út frá hreyfingu og afstöðu handanna miðað við hvert bent er í lokin.

5. Viðtal 6. júlí

Dæmi 5.1

Tími: 20.07

Áttbeygð sögn: ÚTSKÝRA

ÞESSI STELPA ÁÐUR SAMAN ÁRTÚN SKÓLI OK _____Vih
For.3.pers.et. **ÚTSKÝRA** For.1.pers.et.
FYRIR-STUTTU

Hér er táknaþinn að segja frá því að stelpa hafi útskýrt fyrir sér. Táknaþinn horfir ekki í hólfi stelpunnar og getur auðvitað ekki horft á sig sjálfan en horfir þess í stað í átt að viðmælanda sínum sem er hægra megin við táknaþinn.

Dæmi 5.2

Tími: 20.25

Áttbeygð sögn: HITTA + SPJALLA-VIÐ

HÆ! ÉG ÆTLA For.1.pers.et. Vif **HITTA** For.2.pers.et. ÞÚ EÐA For.1.pers.et. Vif **SPJALLA** For.2.pers.et. ÞÚ

Hér er tákni að segja frá því þegar vinkona hennar fékk skilaboð á MSN frá strák. Táknarinn hefur þegar gefið stelpunni hólf og staðsetur svo strákinn í hólf þarna. Þarna segir tákni frá því sem strákurinn sagði á MSN við vinkonuna en horfir í átt að viðmælanda sínum sem er fyrir framan tákni þegar þegar hann myndar sagnirnar. Táknarinn áttbeygir ekki sögnina HITTA út frá hólfum en áttbeygir sögnina SPJALLA út frá hólfum vísimiðanna.

Dæmi 5.3

Tími: 20.33

Áttbeygð sögn: SENDA-Á-MILLI

E-MAIL For.3.pers.et. Vif Vih Vif **SENDA-Á-MILLI** For.3.pers.et.

Hér horfir tákni á viðmælendur sína, fyrst fram, svo til hægri og aftur fram, þegar hann myndar sögnina, en áttbeygir sögnina út frá hólfum vísimiðanna. Hann gerir þessa sögn sem er stakhandartákn að tvíhandatákni og sýnir færsluna á milli hólfanna með báðum höndum.

Dæmi 5.4

Tími: 21.29

Áttbeygð sögn: GEFA

ALDREI BÚIN For.3.pers.et. Vif **GEFA** For.3.pers.et. NAFN HVORT-TIL-ANNARS

Hér horfir tákni á viðmælanda sinn þegar hann myndar áttbeygðu sögnina, en notar hólf til að sýna áttbeyginguna. Hann gerir þessa sögn sem er stakhandartákn að tvíhandatákni og sýnir færsluna á milli hólfanna með báðum höndum.

6. Viðtal 5. júlí

Dæmi 6.1

Tími: 5.36

Áttbeygð sögn: GEFA

VIÐ For.1.pers.ft. Vif **GEFA** For.3.pers.ft. MAMMA PABBI

Hér er táknari að segja að hann ásamt fleirum hafi gefið foreldrum sínum gjöf. Hann áttbeygir sögnina í hólf foreldranna en horfir á viðmælendur sína sem eru fyrir framan hann.

Dæmi 6.2

Tími: 11.51

Áttbeygð sögn: HJÁLPA

Bend-c HEIMA MAMMA PABBI For.1.pers.et. Vih **HJÁLPA** For.3.pers.ft.

Hér er táknari að segja frá því að hann hjálpi foreldrum sínum. Hann horfir í átt að viðmælenda sínum þegar hann myndar áttbeygðu sögnina.